



Reykjavík, 3. október 2024

MSS24080093

## ERINDISBRÉF

### Stýrihópur um nýja samgöngumiðstöð Reykjavíkur

#### Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

#### Inngangur:

Fyrir liggja útfærslur að Miklubrautargöngum og hugmynd að nýrri samgöngumiðstöð við vesturenda ganganna. Lykilskiptistöð Borgarlínu og nýs leiðarkerfis Strætó yrði þar á yfirborði en undir yfirborði yrði miðstöð langferðabíla, þ.m.t. rútuferða milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Áður hefur verið gert ráð fyrir nýrri samgöngumiðstöð á Umferðarmiðstöðvarreit en hann yrði þá þróaður með öðrum hætti. Samgöngumiðstöð við Miklubrautargöng hefði mun sterkari tengingu við lykilskiptistöð almenningssamgangna og myndi nýta holrými sem myndast í tengslum við vestari gangnamunnann.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að fullkanna raunhæfni hugmynda um nýja samgöngumiðstöð Reykjavíkur í og við vesturenda Miklubrautarganga.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirferð á fyrirliggjandi þarfagreiningu, umfangi verkefnisins og fýsileika umræddrar staðsetningar.
- Kanna afstöðu Vegagerðarinnar og Betri samgangna og rýna fjárhagslega þætti málsins.
- Kanna afstöðu rekstraraðila í akstri hópþifreiða og innviðaráðuneytisins, sem fer með útboð á almenningssamgöngum milli Reykjavíkur og Keflavíkur, til hugmyndarinnar.
- Kanna afstöðu Nýs Landsspítala til hugmyndarinnar.
- Gera tillögur að næstu skrefum.

#### Stýrihópin skipa:

Dagur B. Eggertsson, formaður

Andrea Jóhanna Helgadóttir

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Marta Guðjónsdóttir

Sandra Hlíf Ocares

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir



Reykjavík



Með starfshópnum starfi viðeigandi fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs, eignaskrifstofu og atvinnu- og borgarþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Hilmar Hildarson Magnússon, verkefnastjóri alþjóða- og húsnæðismála hjá atvinnu- og borgarþróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstímabil og skil:**

Starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. mars 2025.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri